

2. mál Tillaga Óskars Bergssonar um endurskoðun á verkaskiptingu borgarráðs og borgarstjórnar

Óskar Bergsson: Já, virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil flytja hér tillögu á mínum síðasta borgarstjórnarfundi um breytingar á samþykktum borgarstjórnar hvað snertir verkaskiptingu milli borgarráðs og borgarstjórnar. Það geri ég fyrst og fremst í raun og veru í ljósi reynslu minnar sem formaður borgarráðs sl. tæp tvö ár og ég held að á löngum tíma hafi orðið ákveðin breyting á starfsháttum borgarráðs og borgarstjórnar með þeim hætti að skilin eru oft og tíðum ekki alveg ljós. Hin pólitíska umræða fer mikið fram í borgarráði fyrir luktum tjöldum, í stað þess að fara meira fram hér í sölum borgarstjórnar, sem eru opnir fundir, þeim er útvarpað og almenningur gæti þá betur fylgst með því sem fram fer í Borgarstjórn Reykjavíkur á hverjum tíma. Borgarstjórnarfundirnir eru, eins og við þekkjum, oft og tíðum eru mál sett á dagskrá, sérstakar tillögur, sem eiga sér jafnvel hvorki upphaf né endi í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar.

Þannig að þetta er í raun og veru svona það veganesti sem ég vil gefa nýrri Borgarstjórn Reykjavíkur í þeirri ferð sem framundan er á nýju kjörtímabili. Það er ekki þannig að ég leggi tillöguna fram fullmótaða til þess að segja nákvæmlega hvernig hlutirnir eigi að vera, heldur fyrst og fremst að það sé gert í upphafi kjörtímabilsins að menn skoði í raun og veru hvernig hægt er að breyta störfum borgarráðs og borgarstjórnar, þannig að það verði með skilvirkari hætti heldur en verið hefur. Það kemur fram hér í tillögunni að hún snúist um yfirferð á samþykktum borgarstjórnar og ég vil biðja ritara borgarstjórnar að leiðrétta það, ég er hér að tala um raunverulegar breytingar. Það er ekki nóg að fara bara yfir málið og fjalla um það, það er nauðsynlegt að gera ákveðnar breytingar á samþykktum borgarinnar til þess að þessir hlutir verði festir, þannig að skilvirknin hér í kerfinu verði meiri og betri heldur en hún er.

En ég ætla að leyfa mér með leyfi forseta að lesa tillöguna og greinargerð tillögunnar hér á þessum stað:

Tillaga Óskars Bergssonar um breytingar á samþykkt borgarinnar.

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að fela forsætisnefnd að yfirfara samþykktir borgarinnar með það að markmiði að skerpa betur á verkaskiptingu milli borgarstjórnar og borgarráðs. Borgarstjórnarfundir verði virkjaðir betur sem

vettvangur hinnar pólitísku umræðu, en borgarráð verði fyrst og fremst sá vettvangur framkvæmda- og fjármálastjórnar borgarinnar sem lög gera ráð fyrir.

Og í greinargerð kemur fram að:

Hlutverkaskipting borgarstjórnar og borgarráðs hefur þróast með þeim hætti að skilin eru oft og tíðum óljós. Borgarstjórnarfundirnir, sem eru opnir almenningi, gefa sjaldan rétta mynd af því sem raunverulega er að gerast í borgarkerfinu, heldur eru þar gjarnan tekin upp mál sem eiga sér hvorki upphaf né enda í stjórnkerfinu. Meginþungi umræðunnar fer hins vegar fram á fundum borgarráðs, sem eru lokaðir fundir og birtast almenningi ekki nema í formi bókana í fundargerðum og í einhverjum tilvikum í fréttatilkynningum. Borgarráð Reykjavíkur hefur því þróast frá því að vera afgreiðslu- og fjármálaráð í einhvers konar blöndu af málstofu ólíkra stjórnmalaskoðana og hefðbundnu fjármálaráði sveitarfélags. Fundargerðir eru nýttar eins og málgögn og bókanir kerfisbundið sendar á fjölmiðla. Þetta gerir það að verkum að borgarráð hefur tekið yfir umræður sem betur ættu heima á fundum borgarstjórnar, sem eru opnir almenningi og því hinn rétti vettvangur umræðu um málefni borgarinnar. Þessu þarf að breyta.

Til þess að breyta þessu fyrirkomulagi má t.d. hugsa sér að í upphafi borgarstjórnarfunda geri borgarstjóri grein fyrir helstu málum sem til umfjöllunar hafa verið í nefndum og ráðum borgarinnar og í kjölfarið fari fram umræða um þau mál. Þannig gætu þeir sem vilja fylgjast með fengið raunverulega innsýn inn í borgarmálin. Fundargerðir verði áfram til umræðu og afgreiðslu ásamt öðrum málum sem sett eru á dagskrá. Slíkt fyrirkomulag myndi stuðla að því að umræðan færist úr borgarráði inni borgarstjórn þar sem almenningur í borginni getur fylgst með því sem fram fer. Einnig er vert að spyrja hvers vegna borgarstjórnarfundirnir eru aðeins haldnir tvisvar í mánuði. Það fyrirkomulag varð til þegar borgarfulltrúar voru í hlutastarfi og starfshættir allir með öðru sniði. Eins má velta því fyrir sér hvers vegna borgarstjórn fer í tveggja mánaða sumarfrí á meðan allt nefndarkerfi borgarinnar vinnur meira og minna á fullu allt sumarið. Með þessum breytingum ætti að skapast svigrúm fyrir borgarráð að verða virkari vettvangur framkvæmda- og fjármálastjórnar borgarinnar, þar sem ágreiningsmálum og langri umræðu yrði vísað til borgarstjórnar.

Aðgerðahópur borgarráðs sem starfræktur hefur verið frá því í ágúst 2008 hefur gegnt mikilvægu hlutverki í fjármálum borgarinnar og er tilkominn m.a. vegna þess að tími borgarráðs fer oftar en ekki í það sem í raun er hlutverk borgarstjórnar. Verði þessar breytingar að veruleika mun ekki lengur verða þörf fyrir slíkan sérstakan aðgerðahóp.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

2. mál Tillaga Óskars Bergssonar um endurskoðun á verkaskiptingu borgarráðs og borgarstjórnar

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég vil, líkt og áðan, örstutt tjá mig um þá tillögu sem hér liggur frammi og er flutt af Óskari Bergssyni, borgarfulltrúa og formanni borgarráðs. Ég held að það sé mjög margt í þessari tillögu sem er til mikilla heilla fyrir borgarstjórn og borgarráð og hefur með það að gera hvernig við getum unnið betur að verkefnum sem eru skipt á milli borgarstjórnar og borgarráðs og eru í raun og veru í fullu samræmi við það sem við borgarfulltrúar höfum verið að tala um núna á undanförunum árum um það hvernig hægt er að gera afgreiðsluna og vinnulagið inni í borgarráði skilvirkara og hvernig við tryggjum það að borgarráð sé sá vettvangur sem það á að vera og á að virka, sem framkvæmdastjórn eða framkvæmdaráð borgarinnar að þessu leyti.

Þannig að ég legg til að með sama hætti og tillögunni hans Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar var áðan vísað til borgarráðs, þá verði það sama gert við þessa tillögu sem Óskar Bergsson hefur flutt.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.

2. mál Tillaga Óskars Bergssonar um endurskoðun á verkaskiptingu borgarráðs og borgarstjórnar

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég kem hingað til þess að fagna þessari tillögu. Ég, sem varamaður í borgarráði, hef aldrei almennilega skilið hversu mikil umræða fer þar fram og er frágengin þegar í borgarstjórn er komið þar sem fleiri borgarfulltrúar sitja, þannig að það er eðlilegt að svona breyting eigi sér stað og 15 borgarfulltrúar fjalli um þau mál sem hafa fengið mikla umfjöllun í borgarráði. Þannig að þetta er líka í anda ákalls um opna stjórnsýslu og það er meira opið og aðgengilegt fyrir borgarbúa.

Ég vil líka bæta við að kannski þurfum við að fara að ræða aðeins meira hvernig tæknin hefur breyst og hvort við getum verið með einhverskonar pappíra eða jafnvel myndir í pontu í borgarstjórn og svo vil ég koma því á framfæri við þennan hóp sem fer, eða stjórnkerfisnefnd, hvort það þurfi ekki að hafa í huga ef fundum borgarstjórnar er fjölgað, að þeir séu færðir yfir á fjölskylduvænni vinnutíma. Takk.

Forseti: Borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

2. mál Tillaga Óskars Bergssonar um endurskoðun á verkaskiptingu borgarráðs og borgarstjórnar

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég má til með að hrósa borgarfulltrúa Óskari Bergssyni fyrir prýðilega tillögu. Ég er sammála honum einfaldlega um að á kjörtímabilaskiptum eigi að taka þetta samspil borgarstjórnar og borgarráðs og athuga hvernig umbæturnar sem gerðar voru á síðasta kjörtímabili hafa reynst og breyta verklaginu, bæði inni á fundum borgarráðs en líka hér á fundum borgarstjórnar til þess að auka kannski snerpuna á báðum stöðum. Mér finnst líka eðlilegt að inn í það komi samþykktir nefnda, það er að segja getur verið að borgarráð sé að fjalla of lítið um tiltekna hluti og of mikið um aðra hluti? Er til dæmis nauðsynlegt að borgarráð fjalli um hverja einustu tillögu skipulagsráðs um að eitthvað fari í auglýsingu? Myndi hugsanlega nægja að þegar mál kæmi inn til staðfestingar, að þá tæki borgarráð afstöðu til þess? Og svo framvegis og svo framvegis.

Hugsanlega ætti þetta að vera ennþá víðtækari skoðun. Þá bæði á hendi stjórnkerfisnefndar og forsætisnefndar, en ég er eindregið sammála hugsuninni og tek undir að það er skynsamlegt að vísa þessu til borgarráðs og ákveða síðan í kjölfarið í hvaða málsmeðferð þetta fer.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

2. mál Tillaga Óskars Bergssonar um endurskoðun á verkaskiptingu borgarráðs og borgarstjórnar

Óskar Bergsson: Já, virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil þakka fyrir þær góðu undirtektir sem þessi tillaga fær. Ég held að, eins og borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson sagði, að það sé réttur tími til þess að velta fyrir sér samþykktum um fundarsköp og stjórn borgarinnar eftir kosningar og þegar nýtt kjörtímabil hefst. Það var í raun og veru tilgangurinn, eins og ég sagði áðan, að miðla þeirri reynslu sem ég hef sem formaður borgarráðs og varpa henni yfir til nýrrar borgarstjórnar. Ég held að það sé líka rétt hjá borgarfulltrúa Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttur að það er í raun og veru ekki sanngjarnt gagnvart öðrum borgarfulltrúum en þeir sem eiga sæti í borgarráði Reykjavíkur að umræðan og meginþungi umræðunnar fari fram í borgarráði. Það vantar í raun og veru þá bara stærstan hlutann af borgarfulltrúum til þess að vera með í þeirri umræðu sem nauðsynlegt er að vera með í. Þannig að ég held að það sé líka mjög mikilvægur punktur sem hún kemur inn á og vert að hafa með og ég held að það geti kannski bara verið ágætt að taka saman þessar ræður sem hér eru fluttar í tilefni þessarar tillögu og láta þær fylgja með tillögunni og greinargerðinni inn í borgarráð og inn í forsætisnefnd eða hvert þangað sem tillögunni verður vísað.

Ég held að kannski svona stærsta breytingin sem við myndum sjá árangur af er að bókanir sem við þekkjum í borgarráði sem eru oft og tíðum langar og oft og tíðum hreint eins og blaðagreinar, og fundargerðir borgarráðs að mörgu leyti nýttar eins og málgögn stjórnsmálaflokka og enginn einn flokkur sekari en því í annar, þannig hefur þetta bara þróast, að ég held að við ættum að draga verulega úr þar og hugsanlega alveg að hætta slíkum bókunum í borgarráði. Ég held hins vegar að við eigum að ýta undir að allar þær bókanir og öll þau sjónarmið, sem við í raun og veru þurfum að koma alla leið hingað inn í Borgarstjórn Reykjavíkur, komi fram í fagráðunum þannig að borgarráð sé í raun og veru upplýst um stöðuna og umræðuna og áherslurnar sem koma úr fagráðunum og svo er hinni löngu umræðu og pólitískum ágreiningi vísað í raun og veru bara hingað í gegnum borgarráð þannig að umræðan þurfi ekki að fara fram þar. Og það er í raun og veru bara undir nýrri borgarstjórn komið hvort menn ætla hreinlega að banna þessar bókanir í borgarráði eða mælast til þess að þær flytjist hingað í sali borgarstjórnar og ég held að það geti verið að mörgu leyti mun heppilegra.

Bstj. 1. júní 2010

En ég vil bara, eins og ég sagði áðan, þakka fyrir þær góðu undirtektir sem tillögunni eru sýndar og ég óska borgarstjórn og borgarfulltrúum góðs gengis á næsta kjörtímabili og vona að þessi tillaga mín hér verði frekar til þess að hjálpa til við störfin frekar heldur en hitt.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs, það er tillaga um að vísa tillögu borgarfulltrúa Óskars Bergssonar til borgarráðs. Þeir sem samþykkja að gera það gefið merki. Það er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Þá er tekinn fyrir 3. dagskrárliður á þessum fundi sem er tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um frítt í sund fyrir börn út árið 2010. Til máls tekur borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson.